



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Mosfellsbær

b.t. Lára D. Gunnarsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála

Þverholt 2

270 Mosfellsbær

Reykjavík 9. júní 2022

MÍ202205-0082/ 6.09 / 5221

Efni: Bjarkarholt 1, 2 og 3 - deiliskipulagsbreyting

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst verkefnastjóra skipulagsmála Mosfellsbæjar frá 12. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögn um breytingu á deiliskipulagi lóðanna 1, 2 og 3 við Bjarkarholt. Meðfylgjandi erindinu var deiliskipulagsuppdráttur unnin af Arkform arkitektastofu, dagsettur 20.04.2021

Breytingartillagan felur í sér að núverandi lóðamörkum innan svæðisins verður breytt. Við breytinguna verða tvær lóðir á svæðinu. Ein lóð fyrir byggingar undir íbúðir, nú Bjarkarholt 24-30 og önnur fyrir miðbæjargarð og veitingaskála, nú Bjarkarholt 22. Íbúðum fjölgar úr 44 í 150. Íbúðir verða tvisvar til þrisvar sinnum minni að flatarmáli en áður var ráðgert. Breytingin felur einnig í sér að í stað hefðbundinna íbúða verða skipulagðar þjónustuíbúðir fyrir aldraða á lóðunum. Þjónustuíbúðirnar geta tengst Eir að Hlaðhömrum með göngubrú á 2. hæð.

Ekki er fjallað um menningarminjar í greinargerð tillögunnar. Innan deiliskipulagsreitsins eru þrjú einbýlishús, bílskúrar og gróðurhús. Samkvæmt Fasteingaskrá eru byggingarnar reistar á tímabilinu 1960 til 1991 og falla því ekki undir lög um menningarminjar nr. 80/2012.


Fornleifaskrá Mosfellsbæjar var gefin úr af Þjóðminjasafni Íslands árið 2006. Engar fornleifar voru skráðar á umræddu svæði. Skráningin uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar frá 2013 um skráningu fornleifa. Starfsmaður Minjastofnunar skoðaði skipulagssvæðið nýlega á vettvangi. Engar vísbendingar fundust um fornleifar innan þess.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.
henny@minjastofnun.is

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðanna 1, 2 og 3 við Bjarkarholt eins og hún var kynnt stofnuninni með uppdrætti og greinargerð dags. 20.04.2021. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 sem hljóðar svo: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar (skipulag@mos.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)